

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2015/EES/16/03

frá 17. júní 2013

um breytingar á ákvörðunum 2006/799/EB, 2007/64/EB, 2009/300/EB, 2009/543/EB, 2009/544/EB, 2009/563/EB, 2009/564/EB, 2009/567/EB, 2009/568/EB, 2009/578/EB, 2009/598/EB, 2009/607/EB, 2009/894/EB, 2009/967/EB, 2010/18/EB og 2011/331/ESB í því skyni að lengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir tiltekna vörur

(tilkynnt með númeri C(2013) 3550)

(2013/295/ESB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB <sup>(1)</sup>, einkum c-lið 3. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/799/EB frá 3. nóvember 2006 um endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir jarðvegsbæti<sup>(2)</sup> fellur úr gildi 31. desember 2013.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/64/EB frá 15. desember 2006 um endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir vaxtarefni<sup>(3)</sup> fellur úr gildi 31. desember 2013.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/300/EB frá 12. mars 2009 um endurskoðaðar vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir sjónvörp<sup>(4)</sup> fellur úr gildi 31. október 2013.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/543/EB frá 13. ágúst 2008 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir innanhúsmálningu og -lökk<sup>(5)</sup> fellur úr gildi 30. júní 2013.
- 5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/544/EB frá 13. ágúst 2008 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir innanhúsmálningu og -lökk <sup>(6)</sup> fellur úr gildi 30. júní 2013.
- 6) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/563/EB frá 9. júlí 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir skófnað <sup>(7)</sup> fellur úr gildi 10. júlí 2013.
- 7) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/564/EB frá 9. júlí 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir tjaldstæði <sup>(8)</sup> fellur úr gildi 10. júlí 2013.
- 8) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/567/EB frá 9. júlí 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir textílvörur <sup>(9)</sup> fellur úr gildi 10. júlí 2013.
- 9) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/568/EB frá 9. júlí 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir hreinlætispappír<sup>(10)</sup> fellur úr gildi 10. júlí 2013.
- 10) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/578/EB frá 9. júlí 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir gístaðstöðu í ferðabjónustu<sup>(11)</sup> fellur úr gildi 10. júlí 2013.
- 11) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/598/EB frá 9. júlí 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir rúmdýnur<sup>(12)</sup> fellur úr gildi 10. júlí 2013.
- 12) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/607/EB frá 9. júlí 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir harðar klæðningar<sup>(13)</sup> fellur úr gildi 10. júlí 2013.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 167, 19.6.2013, bls. 57. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 207/2013 frá 8. nóvember 2013 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 19, 27.3.2014, bls. 36.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 325, 24.11.2006, bls. 28.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 32, 6.2.2007, bls. 137.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 82, 28.3.2009, bls. 3.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 181, 14.7.2009, bls. 27.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 181, 14.7.2009, bls. 39.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 196, 28.7.2009, bls. 27.

<sup>(8)</sup> Stjtið. ESB L 196, 28.7.2009, bls. 36.

<sup>(9)</sup> Stjtið. ESB L 197, 29.7.2009, bls. 70.

<sup>(10)</sup> Stjtið. ESB L 197, 29.7.2009, bls. 87.

<sup>(11)</sup> Stjtið. ESB L 198, 30.7.2009, bls. 57.

<sup>(12)</sup> Stjtið. ESB L 203, 5.8.2009, bls. 65.

<sup>(13)</sup> Stjtið. ESB L 208, 12.8.2009, bls. 21.

- 13) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/894/EB frá 30. nóvember 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir viðarhúsgögn <sup>(14)</sup> fellur úr gildi 1. desember 2013.
- 14) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/967/EB frá 30. nóvember 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir gólfklæðningar úr textílefnunum <sup>(15)</sup> fellur úr gildi 1. desember 2013.
- 15) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/18/EB frá 26. nóvember 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir gólfklæðningar úr viði <sup>(16)</sup> fellur úr gildi 27. nóvember 2013.
- 16) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/331/ESB frá 6. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir ljósgjafa <sup>(17)</sup> fellur úr gildi 6. júní 2013.
- 17) Unnið hefur verið mat til að leggja mat á mikilvægi núverandi vistfræðilegu viðmiðananna og það hversu viðeigandi þær eru, sem og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun sem komið var á með þessum ákvörðunum. Vegna þess að þessar ákvarðanir eru á mismunandi stigum endurskoðunarferlisins er rétt að framlengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun sem settar eru fram í þeim. Framlengja ætti gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun, sem settar eru fram í ákvörðunum 2009/567/EB, 2009/543/EB, 2009/544/EB og 2009/598/EB, til 30. júní 2014. Framlengja ætti gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun, sem settar eru fram í ákvörðun 2009/300/EB, til 31. október 2014. Framlengja ætti gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun, sem settar eru fram í ákvörðunum 2006/799/EB, 2007/64/EB, 2009/894/EB og 2011/331/ESB, til 31. desember 2014. Framlengja ætti gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun, sem settar eru fram í ákvörðunum 2009/563/EB og 2009/568/EB, til 30. júní 2015. Framlengja ætti gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun, sem settar eru fram í ákvörðunum 2009/564/EB og 2009/578/EB, til 30. nóvember 2015. Framlengja ætti gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun, sem settar eru fram í ákvörðunum 2009/967/EB og 2010/18/EB, til 31. desember 2015 og framlengja skal gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun, sem settar eru fram í ákvörðun 2009/607/EB, til 30. nóvember 2017.

- 18) Því ber að breyta ákvörðunum 2006/799/EB, 2007/64/EB, 2009/300/EB, 2009/543/EB, 2009/544/EB, 2009/563/EB, 2009/564/EB, 2009/567/EB, 2009/568/EB, 2009/578/EB, 2009/598/EB, 2009/607/EB, 2009/894/EB, 2009/967/EB, 2010/18/EB og 2011/331/ESB til samræmis við það.
- 19) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

#### SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Í stað 6. gr. ákvörðunar 2006/799/EB komi eftirfarandi:

##### „6. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „jarðvegsbætur“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2014.“

##### 2. gr.

Í stað 5. gr. ákvörðunar 2007/64/EB komi eftirfarandi:

##### „5. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „vaxtarefni“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2014.“

##### 3. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2009/300/EB komi eftirfarandi:

##### „3. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „sjónvarps-tæki“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. október 2014.“

##### 4. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2009/543/EB komi eftirfarandi:

##### „3. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „utanhúsmálning og lökk“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 30. júní 2014.“

##### 5. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2009/544/EB komi eftirfarandi:

##### „3. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „innan húsmálning og lökk“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 30. júní 2014.“

<sup>(14)</sup> Stjtið. ESB L 320, 5.12.2009, bls. 23.

<sup>(15)</sup> Stjtið. ESB L 332, 17.12.2009, bls. 1.

<sup>(16)</sup> Stjtið. ESB L 8, 13.1.2010, bls. 32.

<sup>(17)</sup> Stjtið. ESB L 148, 7.6.2011, bls. 13.

*6. gr.*

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2009/563/EB komi eftirfarandi:

*„3. gr.*

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „skófatnaður“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannpröfun gilda til 30. júní 2015.“

*7. gr.*

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2009/564/EB komi eftirfarandi:

*„4. gr.*

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „tjaldstæði“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannpröfun gilda til 30. nóvember 2015.“

*8. gr.*

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2009/567/EB komi eftirfarandi:

*„3. gr.*

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „textilvörur“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannpröfun gilda til 30. júní 2014.“

*9. gr.*

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2009/568/EB komi eftirfarandi:

*„3. gr.*

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „hreinlætis-pappír“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannpröfun gilda til 30. júní 2015.“

*10. gr.*

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2009/578/EB komi eftirfarandi:

*„4. gr.*

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „gistiaðstaða í ferðaþjónustu“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannpröfun skulu gilda til 30. nóvember 2015.“

*11. gr.*

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2009/598/EB komi eftirfarandi:

*„3. gr.*

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „rúmdýnur“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannpröfun skulu gilda til 30. júní 2014.“

*12. gr.*

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2009/607/EB komi eftirfarandi:

*„3. gr.*

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „harðar klæðningar“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannpröfun skulu gilda til 30. nóvember 2017.“

*13. gr.*

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2009/894/EB komi eftirfarandi:

*„3. gr.*

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „viðarhúsgögn“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannpröfun skulu gilda til 31. desember 2014.“

*14. gr.*

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2009/967/EB komi eftirfarandi:

*„3. gr.*

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „gólflæðningar úr textílefum“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannpröfun skulu gilda til 31. desember 2015.“

*15. gr.*

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2010/18/EB komi eftirfarandi:

*„3. gr.*

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „gólflæðningar úr viði“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannpröfun skulu gilda til 31. desember 2015.“

*16. gr.*

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2011/331/ESB komi eftirfarandi:

*„3. gr.*

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „ljósgjafa“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannpröfun skulu gilda til 31. desember 2014.“

*17. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. júní 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.